

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Hjallasóknar.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hjallasóknar. Heimili þess og varnarþing er í Ölfushreppi Árnassýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Félagsmenn eru ábúendur býlanna Þóroddsstaða, Riftúns, Bakka, Gerðakots, Hjallakróks, Hjalla, Bjarnastaða, Bjarnastaða 2, Læks, Efri-Grímslækjar, Ytri-Grímslækjar, Hrauns 1, Hrauns 1b, Hrauns 2, Hrauns 2b, Breiðabólstaðar, Hlíðardalsskóla og Litla-Lands.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Ef ný íbúðarhús á lögbýlum félagsmanna tengjast veitunni í viðbót við þau sem fyrir eru, er aðeins hálf stofngjald greitt. Nýir aðilar að veitunni teljast ekki fullgildir félagsmenn fyrr en að stofngjald er að fullu innt af hendi.

Gjaldskrá skal félaginu sett og skal hún endurskoðuð á hverjum aðalfundi.

Heimilt er selja vatn til sumarbústaða á veitusvæðinu, gegn skilmálum sem gjaldskrá kveður á um.

Félagsskyldur skv. 2. mgr. þessarar greinar eru því skilyrði háðar að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því sem félagið hefur til umráða.

5. gr.

Vatnsgjald skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu sem vatns nýtur úr vatns-veitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð þess þannig fyrir hvert reikningsár að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 1. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði ef ekki er staðið í skilum um greiðslu þeirra til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnustu skuldbindingum þess.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

Heimilt er að beita lokunaraðgerðum við innheimtu vatnsgjalds og stofngjalds ef félagsstjórn telur þá leið einfaldari.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað.

Fundur er löglega boðaður ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara.

Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega.

Aðalfundur er lögmætur ef 3/4 félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Einnig skal gjaldskrá lögð fyrir til endurskoðunar. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi.

Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtur á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli, aðalleiðslu og öðrum mannvirkjum veitunnar.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti 2/3 félagsmanna samþykki þeim.

12. gr.

Ef til félagsslita kemur skal 2/3 félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundi samþykkja þau. Við félagsslit skulu eignir félagsins renna í sveitarstjórn Ölfushrepps.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Hjallasóknar í Ölfushreppi, staðfestist hér með samkvæmt XI. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.